

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 57/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/95 frá 27. janúar 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/53/EB frá 11. september 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um raffföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 79/196/EBE) í X. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0053**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/53/EB frá 11. september 1997 (Stjtíð. EB L 257, 20.9.1997, bls. 27).”

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 47, 2.3.1995, bls. 25 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 257, 20.9.1997, bls. 27.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/53/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Þórhallsson E. Gerner